



GRAFÍA

Stéttarfélag í prent-
og miðlunargreinum

KAUPTAXTI

frá og með 1. apríl 2025

Samkvæmt kjarasamningi milli
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum
og Samtaka atvinnulífsins.

og

Samkvæmt kjarasamningi milli
GRAFÍU og Félags atvinnurekenda/SÍA

Úr kjarasamningi GRAFÍU og Samtaka atvinnulífsins frá 9. mars 2024

Kauptaxta auki 0,58%

Í samræmi við ákvæði forsendunefndar Stöðugleika- og velferðarkjarasamningsins 2024 – 2028 ASÍ og SA í kjarasamningi frá 9. mars 2024 varð niðurstaða um sérstakan kauptaxta auka í kjarasamningum GRAFÍU við SA og FA/SÍA um 0,58% frá og með 1. apríl 2025 í ljósi þess að launavísitala hefur hækkað umfram kauptaxtahækkanir á almennum vinnumarkaði.

1. gr.

Kjarasamningur þessi er hluti Stöðugleika- og velferðarkjarasamningsins 2024 – 2028 sem undirritaður hefur verið af Rafiðnaðarsambandi Íslands, VM, Félags vélstjóra og málmæknimanna, MATVÍS og Grafíu - stéttarfélags annars vegar og Samtökum atvinnulífsins hins vegar. Sameiginlegur kjarasamningur felur í sér sameiginlega launastefnu samningsaðila, launabreytingar, samningsforsendur og ákvæði um störf launa- og forsendunefndar.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Samtaka atvinnulífsins og Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans:

2. gr.

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna árana 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.

3 gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. janúar 2026: 3,50%

1. janúar 2027 3,50%

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2025 110.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 60.000.

6. gr.

Breytingar á kafla 7.1. um orlof

Orlof breytist á samningstímabilinu. Grein 7.1. í kjarasamningi verður svohljóðandi:

7.1. Sumarleyfi

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt.

Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki er orlof 28 dagar.

Gildir frá 1. maí 2025:

Starfsmaður sem unnið hefur í 3 ár í sama fyrirtæki eða 5 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%

Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í iðninni á rétt á orlofi í 30 virka daga og orlofslaunum sem nema 13,04%.

Hækkun orlofs tekur gildi 1. maí 2025 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma. Aukið orlof kemur þannig til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026.

Eftir 10 ár í iðninni er orlof 30 dagar.

Gildir frá 1. maí 2024:

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama atvinnurekanda fær hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir tveggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Veita ber a.m.k. 20 virka daga í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 30. september. Heimilt er að veita orlof umfram 20 daga utan skilgreinds orlofstímabils 1. júní til 30. september nema um annað hafi samist. Ef starfsmaður óskar eftir taka orlof utan framangreinds tímabils ber að verða við því að því leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem vantar á 20 daga.

Gildistími

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Kjarakönnun RSÍ/GRAFÍA 2024

Við vekjum athygli á að nýjasta kjarakönnun GALLUP frá október 2024, vegna RSÍ og aðildarfélaga m.a. GRAFÍU, er á eftirfarandi slóð:

Jafnframt er meðfylgjandi slóð á mælaborð sömu kjarakönnunar, þar sem félagsmenn geta flett upp sínum starfsheitum og skoðað launatölur einstakra hópa til viðmiðunar þegar farið er í launaviðtal skv. kjarasamningsbundnum rétti: <https://www.gallup.is/data/g43ds/sso/>

Kauptaxti GRAFÍU frá og með 1. apríl 2025

Kauptaxtarauki 0,58%

	Mánaðarlaun	DV deilitala 156	Yfirvinna 1 1,00%	Yfirvinna 2* 1,15%
Sveinar				
Byrjunarlaun	597.731 kr.	3831,61	5977,31	6873,90
Eftir 1 ár	603.708 kr.	3869,93	6037,08	6942,65
Eftir 3 ár	609.745 kr.	3908,62	6097,45	7012,07
Eftir 5 ár	615.842 kr.	3947,71	6158,42	7082,19

Iðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráttindi.

Iðnaðarmenn með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu.

Laun	622.412 kr.	3989,82	6224,12	7157,74
Eftir 5 ár frá meistaráttindum	641.272 kr.	4110,72	6412,72	7374,63

Flokkstjóri/Vaktstjóri 15% álag*

Laun	737.463 kr.	4727,33	7374,63	8480,82
------	-------------	---------	---------	---------

*Dæmi um meistara með 5 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

Iðnaðarmenn án sveinsprófs

Byrjunarlaun	537.957 kr.	3448,44	5379,57	6186,51
Eftir 1 ár	543.336 kr.	3482,92	5433,36	6248,37

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun	464.595 kr.	2978,17	4645,95	5342,84
Eftir 1 ár	468.228 kr.	3001,46	4682,28	5384,62
Eftir 3 ár	475.886 kr.	3050,55	4758,86	5472,69
Eftir 5 ár	487.661 kr.	3126,03	4876,61	5608,10

Starfsþjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsþjálfun	429.585 kr.	2753,75	4295,85	4940,23
Eftir 6 mán. starfsþjálfun	441.810 kr.	2832,11	4418,10	5080,81

Mánaðarlaun**DV deilitala****Yfirvinna 1****Yfirvinna 2***

156

1,00%

1,15%

Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	717.277 kr.	4597,93	8248,69
Eftir 5 ár	739.011 kr.	4737,25	8498,63

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	561.874 kr.	3601,76	6461,55
Eftir 5 ár	585.193 kr.	3751,24	6729,72

Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir

Sveinar	729.232 kr.	4674,56	8386,17
Eftir 5 ár	751.328 kr.	4816,21	8640,27

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	571.238 kr.	3661,78	6569,24
Eftir 5 ár	594.947 kr.	3813,76	6841,89

Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	741.186 kr.	4751,19	8523,64
Eftir 5 ár	763.644 kr.	4895,15	8781,91

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	580.603 kr.	3721,81	6676,93
Eftir 5 ár	604.700 kr.	3876,28	6954,05

Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir

Sveinar	759.118 kr.	4866,14	8729,86
Eftir 5 ár	782.120 kr.	5013,59	8994,38

Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum

Eftir 1 ár	594.650 kr.	3811,86	6838,48
Eftir 5 ár	619.330 kr.	3970,06	7122,30

*yfirvinna 2 er greidd í vaktavinnu

Úr kjarasamningi GRAFÍU og FA/SÍA

frá 20. mars 2024

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónu-töluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. janúar 2026: 3,50%

1. janúar 2027 3,50%

7.1.5. Yfirvinnuálag er tvískipt

Yfirvinna 1 greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,00% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Yfirvinna 2 greiðist með tímakaupi sem samsvarar 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Yfirvinna 1

Yfirvinna 1 er greidd fyrir alla yfirvinnu þar til yfirvinna 2 tekur við. Sama gildir um yfirvinnugreiðslur sem bætast við greiðslur fyrir unninn tíma, sjá d) lið skýringar.

Yfirvinna 2

Yfirvinna 2 greiðist fyrir virkan vinnutíma umfram 38 virka klst. á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (165 virkar klst. m.v. meðalmánuð). Yfirvinna 2 er einnig greidd fyrir vinnu að nóttu, á tímabilinu frá kl. 00:00 – 06:00.

Skýring:

a) Hjá starfsmanni í fullu starfi sem skilar 35 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (152 klst. m.v. meðalmánuð) er yfirvinna 1 greidd fyrstu 3 klst. á viku að jafnaði eða 13 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð. Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.

b) Ef starfsmaður skilar ekki fullri dagvinnu vegna vinnuskipulags eða fjarvista er miðað við að yfirvinna 2 sé greidd þegar starfsmaður hefur skilað 38 klst. á viku að meðaltali á mánuði eða 165 klst. m.v. meðalmánuð.

c) Dagvinnustundir á sérstökum frídögum, í orlofi, veikindatilvikum eða launalausum leyfi teljast þó sem hluti 35 klst. vinnuviku / 152 klst. mánaðar. Slíkar fjarvistir teljast til vinnustunda í skilningi a) liðar.

d) Óunnin yfirvinna, sem t.d. er greidd vegna skerðingar á hvíldartíma og aukagreiðsla vegna vinnu í greiddum neysluhléum utan dagvinnutímabils, telst ekki með tímum sem safnast upp og veita rétt til greiðslu yfirvinnu 2.

5. gr.

Viðbót við grein 1.3 um uppsagnarfrest: Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur:

- 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
- 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
- 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára.

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

6. gr.

Breytingar á kafla 3 um orlof

Orlof breytist á samningstímabilinu. Grein 3.1. í kjarasamningi verður svohljóðandi:

Um orlof fer að landslögum, orlofsárið reiknast frá 1. maí til 30. apríl

Starfsfólk skal fá 25 virka daga (10,64%) í sumarleyfi með fullu kaupi enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfellt.

Við 4 ára starfsaldur er orlof 27 dagar (í 11,59 %) á ári.

Við 6 ára starfsaldur er orlof 28 dagar (í 12,07 %) á ári.

Við 10 ára starfsaldur er orlof 30 dagar (í 13,04 %) á ári.

Eftir 3 ár í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 5 ár í sama fyrirtæki 30 dagar

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir tveggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Launataxtar 1. apríl 2025

Kauptaxtauki 0,58%

	Mánaðarlaun	DV deilitala	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2
		152	1%	1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	604.618 kr	3.978 kr.	6.046 kr	6.953 kr
2. flokkur eftir 1 ár	641.158 kr	4.218 kr.	6.412 kr	7.373 kr
3. flokkur eftir 3 ár	671.549 kr	4.418 kr.	6.715 kr	7.723 kr
4. flokkur eftir 5 ár	717.219 kr	4.719 kr.	7.172 kr	8.248 kr
5. flokkur, mastersnám eða sambærilegt nám á háskólastigi sem nýtist í starfi	753.080 kr	4.954 kr.	7.531 kr	8.660 kr
Flokkstjórn, vaktstjórn, verkstjórn	866.042 kr	5.698 kr.	8.660 kr	9.959 kr

*15% álag m.v. 5. flokk

Grein 3.2. í kjarasamningi verður svohljóðandi:

3.2. Sumar- og vetrarorlof

Óski starfsmaður með 9 ára starfsaldur að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verður þá vetrarorlof samtals 11 dagar.

Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí.

Ósk um töku vetrarorlofs skal koma fram fyrir 1. maí ár hvert.

9 gr.

Viðbót við grein 4.3 um veikindarétt barna:

4.3.2. Starfsmaður á rétt á leyfi frá störfum þegar um óviðráðanlegar (force majeure) og brýnar fjölskylduástæður er að ræða vegna sjúkdóms eða slyss sem krefjast tafarlausrar nærveru starfsmanns. Starfsmaður á ekki rétt á launum frá atvinnurekanda í framangreindum tilfellum, sbr. þó ákvæði 1. mgr.

10. gr.

Gildistími

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.



ATH

Innheimta félagsgjalda, sjúkrasjóðs, fræðslusjóðs, orlofssjóðs og prent-tæknisjóðs vegna félagsmanna GRAFÍU er hjá Rafiðnaðarsambandi Íslands, Stórhöfða 29-31 frá og með 1. janúar s.l. og futtur þá frá Birtu lífeyrissjóði.

Ábendingar:

1. Félagsgjald er 1%, reiknast af heildarlaunum.
2. Sjúkrasjóður (S982) 1%, reiknast af heildarlaunum.
3. Orlofssjóður (O982) 0,25%, reiknast af heildarlaunum.
4. Prenttæknisjóður 1,1% reiknast af heildarlaunum.
5. Fræðslusjóður GRAFÍU fast gjald kr. 1.560.
6. Iðgjald til Birtu lífeyrissjóðs. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald af heildarlaunum og atvinnurekandi með sama hætti 11,5% .
7. Séreignarsparnaður. Mótframlag atvinnurekenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
8. Atvinnurekandi greiðir 0,1% endurhæfingarsjóð til Birtu lífeyrissjóðs.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.

ATH: iðgjaldaskil:

Rafiðnaðarsamband Íslands – Stórhöfða 29-31 – 110 Reykjavík

Kennitala: 440472-1099 – Nánari upplýsingar á rafis.is

Vegna lífeyrisgjalda og til endurhæfingarsjóðs

Birta lífeyrissjóður – Sundagörðum 2 – 104 Reykjavík

Bankareikningur: 526-26-400800 – Kennitala: 430269-0389

Nánari upplýsingar á birta.is

Við hvetjum félagsmenn til að fara yfir launaseðla og hafa samband við kjaradeild Fagfélaganna í síma 5400100 eða kjaradeild@fagfelogin.is ef kjarasamningsbundnar hækkningar launa og breytingar ákvæða ganga ekki eftir.